

einn fyrir báða og báðir fyrir einn allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu- laun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfir- réttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 30. ágúst.

Nr. 23/1909: Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps  
 gegn  
 Þorsteini Jónssyni.

D ó m u r :

Með skjali dags. 24. apríl 1907 afsalaði stefndi Þor- steinn Jónsson, þáverandi kaupmaður á Bakkagerði nú veitingamaður á Seyðisfirði, verzlunarfélaginu Thor E. Tulinius ásamt öðrum eignum sínum upp í skuld sína við verzlunarfélagið tveim jarðahlutum, 7,5 hndr. f. m. úr Bakka í Borgarfirði eystra og hálfu Bakkagerði sama- staðar. Verð jarðahluta þessara var ekki sérstaklega ákveðið í afsalsbréfinu, en vegna stimpilgjaldsgreiðslunnar var tekið fram í bréfinu, að fasteignirnar allar, er seldar voru, myndu ekki vera meira virði en 23000 kr. Þegar afsal þetta varð hljóðbært, en það varð það fyrst, er bréf- inu var þinglýst 20. júlí 1907, kom það í ljós, að fyrir- mæla laganna Nr. 30 20. október 1905, um forkaupsrétt

leiguliða o. fl., hafði eigi verið gætt að því er nefndar jarðeignir snertir, þar sem þær höfðu eigi verið boðnar leiguliðum til kaups eða sveitarfélaginu, áður en þær voru seldar verzlunarfélaginu, og eftir að leiguliðarnir höfðu afsalað forkaupsrétti sínum að jarðahlutunum í hendur Borgarfjarðarhreppi sem hlutaðeigandi sveitarfélagi, höfðu hreppurinn, að fenginni gjafsókn, mál þetta fyrir aukarétti Seyðisfjarðarkaupstaðar á hendur seljandanum, hinum stefnda, til að fá söluna ógilta og jarðirnar seldar hreppnum sama verði og verzlunarfélagið hafði fengið þær, alt samkvæmt 6. gr. fyrnefndra laga. Málinu lyktaði með dómi nefnds réttar 5. desember f. á. svo, að sala jarðahlutanna var dæmd ógild gagnvart hreppsnefndinni í Borgarfjarðarhreppi, og stefndi Þorsteinn Jónsson var skyldaður til innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins og að viðlagðri 10 kr. sekt til fátækra sjóðs Seyðisfjarðarkaupstaðar fyrir hvern þann dag, er framyfir liði, að selja hreppsnefndinni fyrir hreppsins hönd framangreindar jarðeignir fyrir 10,000 krónur, þannig að hreppsnefndin taki að sér að greiða eða greiði þinglesnar veðskuldir þær, er á jarðeignunum hvíldu 24. apríl 1907, þegar hin ógilda sala fór fram, og greiði afganginn af kaupverðinu í peningum; þó skyldi hreppsnefndin nota þenna rétt sinn til að ganga að kaupunum á næsta hálfu mánuði eftir að stefndi hefði látið birta henni dóminn. Í málskostnað skyldi stefndi greiða hreppsnefndinni 100 kr. og að auki réttargjöld og ritlaun í málinu eins og það væri eigi gjafsóknarmál.

Dómi þessum hefir hreppsnefndin áfryjað til yfir dómsins með stefnu útgefni 6. maí þ. á., og hefir hún fengið til þess gjafsókn og skipaðan málfærslumann.



Hefir þess verið krafist af hálfu áfrýjanda fyrir yfirdóm-  
inum, að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að  
stefndi verði skyldaður til að selja áfrýjanda jarðeignir  
þær, er um ræðir í dóminum, fyrir verð það, er álitast  
verður að Thor E. Tulinius hafi greitt fyrir þær, hverja  
í sínu lagi, eftir því sem óvilhallir menn telja að verð  
jarðeignanna sé í hlutfalli við hið annað, er stefndi seldi  
Thor E. Tulinius með afsalsbréfinu 24. apríl 1907, eða í  
hæsta lagi fyrir 7—8000 kr., að frestir þeir, sem tilgreind-  
ir eru í dóminum, verði taldir frá birtingu landsyfirréttar-  
dómsins, að undirréttardómurinn verði staðfestur að öðru  
leyti, og að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrý-  
janda málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati yfirdómsins,  
eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Stefndi hefir eigi  
komið í yfirdóminn né látið koma þar af sinni hálfu, og  
hefir honum þó verið löglega stefnt, og verður því að  
dæma málið eftir skjölum þeim og skilríkjum, er fram  
hafa verið lögð í því frá áfrýjanda hálfu samkv. tilsk. 3.  
júni 1796, 2. gr. og N. L. 1—4—32.

Það er enginn ágreiningur um það í málinu, að  
Borgarfjarðarhreppur sem hlutaðeigandi sveitarfélag átti  
forkaupsrétt að jarðeignum þeim, er um er að ræða, þar  
sem leiguliðarnir voru frágengnir, eins og áður er sagt,  
enda bauð stefndi það til sátta fyrir undirrétti, að kaupin  
gengju til baka og hreppurinn fengi kauprétt á jörðunum  
fyrir 10000 krónur, er hann kvað vera verð það, er  
verzlunarfélagið Thor E. Tulinius hefði borgað fyrir þær.  
En hreppsnefndin vildi eigi taka þessu boði. Hún hefir  
haldið því fram, að söluverð jarðanna, er þær voru seldar  
verzlunarfélaginu, hafi eigi verið hærra en 7—8000 kr.  
Þessu neitar stefndi og hefir til áréttingar skýrslu sinni

um að hann hafi selt verzlunarfélaginu jarðeignirnar fyrir 10000 kr. lagt fram vottorð frá Thor E. Tulinius, er staðfestir þann framburð hans. Ágreiningurinn í málinu er því um það eitt, hvaða verði jarðirnar hafa verið seldar verzlunarfélaginu, en sama verði á áfrýjandi rétt á að kaupa þær samkvæmt 6. gr. fyrnefndra laga 20. oktbr. 1905.

Eins og áður er tekið fram, verður söluverð jarðahlutanna ekki séð af afsalsbréfinu, og þar er ekki aðra upplýsing um það að finna, en að þeir og aðrar fasteignir þær, er með þeim voru seldar, muni ekki vera meira virði en 23000 kr. Af hreppsnefndarinnar hálfu hefir engin sönnun verið færð fyrir fullyrðing hennar um að verðið hafi verið 7—8000 kr., en sú fullyrðing er að eins byggð á sögusögnum, sem ekkert verður á bygt, eins og þær liggja fyrir. Og þar sem áfrýjandi krefst þess, að verðið verði fundið eða ákveðið með mati óvilhallra manna, er það rétt, sem í dómnum er sagt, að engin lagaheimild er til að skylda stefnda til að selja jarðeignirnar eftir mati. Áfrýjandi á að eins rétt á að fá jarðeignirnar fyrir sama verð og þær voru seldar verzlunarfélaginu, og um það eru samhljóða skýrslur framkomnar í málinu fra kaupanda og seljanda, að það hafi verið 10000 kr. Þessum skýrslum hefir ekki verið á nokkurn hátt hnekt í málinu, og jafnvel ekki einu sinni tilraun gjörð til að færa líkur fyrir því, að verðið, 10000 kr., sé óvenjulega eða ósennilega hátt, og það var því rétt af undirdómaranum að leggja þessa upphæð til grundvallar fyrir dómi sínum, og ber því að staðfesta dóminn í aðalefni hans, þó svo, samkvæmt kröfu áfrýjanda, að frestur sá fyrir stefnda til að selja og áfrýjanda til að



ganga að kaupunum, sem ákveðinn er í aukaréttardóm-  
inum, teljist frá birtingu yfirréttardómsins. Málskostnað-  
arákvæði aukaréttardómsins staðfestist, en málskostnaður  
fyrir yfirdómi fellur niður. Málflutningslaun hins skip-  
aða málsfærslumanns áfryjanda, er ákveðast 15 kr., ber  
að greiða af almannafé og vottast það, að málsfærslan af  
hans hendi hefir verið óaðfínanleg.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður, þó svo  
að frestur sá, er þar er veittur stefnda til að selja  
umræddar jarðeignir og áfryjanda til að ganga að  
kaupum á þeim, skal teljast frá birtingu þessa yfir-  
réttardóms. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur nið-  
ur, en málflutningslaun hins skipaða málsfærslumanns  
hreppsnefndarinnar, yfirréttarmálaflutningsm. Sveins  
Björnssonar, 15 krónur, greiðist af almannafé.

Ídæmdur málskostnaður greiðist innan 8 vikna  
frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 27/1909:

Hið opinbera

gegn

S. A. Haakonsen og Lars A. Sekse.

D ó m u r:

Með lögregluréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, upp-